

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 16.03.2021

Fundur 1-2021

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar þriðjudaginn 16. mars 2021 kl. 15:30 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar
2. Erindi frá Skagaströnd vegna nýs slökkvibíls
3. Umsókn um undanþágu vegna skráningu frístundahúss í íbúðarhús
4. Þjóðlendumál
5. Stafræn sveitarfélög
6. Samningur um málefni fatlaðra
7. Landamerki sveitarfélaga á Skaga, bréf frá Ólafi Björnssyni hrl. f.h. sveitarfélagsins Skagafjarðar
8. Fundargerðir og bréf
 - a) SSVN, 12. janúar, 2. febrúar og 2. mars
 - b) Félags- og skólaþjónustan 18. febrúar
 - c) Skipulags og byggingarnefnd dags. 19. febrúar
 - d) Bréf frá SSVN vegna ársþings 2021
 - e) Tölvubréf frá Félagsmálaráðuneytinu dags. 11. mars og 12. mars
 - f) Lánasjóður sveitarfélaga, fundarboð
9. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar
Í október 2020 samþykktu sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna skv. 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 16.03.2021

Fundur 1-2021

Samstarfsnefnd hefur skilað álit sínu til sveitarstjórna með skilabréfi dagsettu 8. mars 2021.

Oddviti fór yfir og kynnti skilabréfið og álit samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra.

Skilabréfið og álit samstarfsnefndar tekið til fyrri umræðu.

Afgreiðslu vísað til seinni umræðu.

Ákveðið að greiða fyrir setu í starfshópum líkt og fyrir aðra nefndarfundi sveitarfélagsins. Ritara verður greitt jafnt og formanni nefndar.

Lagðar fram 3.-9. fundargerð samstarfsnefndar til kynningar.

2.Erindi frá Skagaströnd vegna nýs slökkvibíls

Samkvæmt samningi við Sveitarfélagið Skagaströnd tekur Skagabyggð þátt í kaupum á slökkvibifreið. Hlutur sveitarfélagsins er kr. 5.958.940. Sveitarfélagið samþykkir erindið og viðauki verður gerður við fjárhagsáætlun 2021 þar sem fram kemur að upphæðin verði tekin af liðnum eigið fé.

3.Umsókn um undanþágu vegna skráningu frístundahúss í íbúðarhús

Fyrir fundinum lá umsókn frá Karólínu Elísarbetardóttur, eiganda Hvammshlíðar þar sem hún óskar eftir því að fá að breyta notkun sumarhúss á landi sínu í íbúðarhús.

Skipulags- og byggingarnefnd hefur tekið erindið fyrir og vísað ákvarðanatöku til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Karólínu sérstaka undanþágu til breytingar á notkun sumarhúss í íbúðarhús, þar sem eina atriðið sem ekki uppfyllir kröfur um íbúðarhús samkvæmt byggingarreglugerð er lofthæð hússins. Húsið hefur staðið í Hvammshlíð frá árinu 2015 og Karólína haft þar fasta búsetu síðan.

4.Þjóðlendumál

Í fyrirliggjandi kröfulýsingu Fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á enduruppteknum svæðum kemur fram krafa á svæði við vestur- og norðurmörk þjóðlendunar Skrapatunguafréttar. Oddvita og varaoddvita falið að

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 16.03.2021

Fundur 1-2021

hafa samband við landeigendur á kröfuvæði og senda inn umsögn í framhaldinu til óbyggðanefndar.

5.Stafræn sveitarfélög

Fyrir fundinum lá bréf frá SSNV vegna beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga um skipan fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga. Sveitarstjórn skipar Dagnýju Rósu Úlfarsdóttur sem sinn fulltrúa.

6.Samningur um málefni fatlaðra

Oddviti kynnti samningsdrög um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk. Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir með fimm samhljóða atkvæðum fyrirleggjandi drög að samningi um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk með Sveitarfélagið Skagafjörð sem leiðandi sveitarfélag. Samningurinn gildir til eins árs, með endurskoðunarákvæði í ársbyrjun 2022. Oddvita falið að ganga frá samningi fyrir hönd Skagabyggðar.

7. Landamerki sveitarfélaga á Skaga, bréf frá Ólafi Björnssyni hrl. f.h. sveitarfélagsins Skagafjarðar

Í bréfinu er óskað eftir að fá fund með sveitarstjórn til að ræða úrlausn deilumáls um landamerki á Skagaheiði. Sveitarstjórn tekur vel í að hittast á fundi og ákveður að leita til staðkunnugra aðila sér til ráðgjafar.

8.Fundargerðir og bréf

a)SSNV, 12. janúar, 2. febrúar og 2. mars

Fundargerðir lagðar fram til kynningar

b)Félags- og skólaþjónustan 18. febrúar

Fundargerð lögð fram til kynningar

c)Skipulags og byggingarnefnd dags. 19. febrúar

Afgreiðslu liðs 1 í fundargerð skipulags- og byggingarnefndar má sjá í lið 3 í fundargerð.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 16.03.2021

Fundur 1-2021

d) Bréf frá SSVN vegna ársþings 2021

Bréf lagt fram til kynningar.

e) Tölvubréf frá Félagsmálaráðuneytinu dags. 11. mars og 12. mars

Oddvita falið að vera í samstarfi við sveitarfélagið á Skagaströnd við umsóknagerð.

f) Lánasjóður sveitarfélaga, fundarboð

Dagný Rósa Úlfarsdóttir verður fulltrúi Skagabyggðar á aðalfundi lánasjóðsins þann 26. mars.

9. Önnur mál

- Rætt um að sækja um styrk til Vinnumálastofnunar vegna ráðningu sumarstarfsmanns.
- Arion:
Sveitarstjórn Skagabyggðar mótmælir fyrirhuguðum áformum um að loka alveg útibúi Arionbanka á Blönduósi. Þjónusta bankans hefur verið skert töluvert á undanförunum árum og var sú skerðing löngu hafin fyrir Covid19 heimsfaraldurinn.
Sveitarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum yfir skertri fjármálaþjónustu við íbúa í Austur-Húnavatnssýslu, auk þeirra sem eiga hér leið um.
Sveitarstjórn skorar á Arionbanka að endurskoða þessa ákvörðun sína.
- Sveitarstjórn Skagabyggðar skorar á verslanir Kjörbúðarinnar á svæðinu að stórauka vöruúrval þeirra vara sem framleiddar eru í héraðinu. Oddvita falið að senda framkvæmdastjóra Samkaupa bréf með þessari áskorun.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:32

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 16.03.2021
Fundur 1-2021

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson